FORNLEIFASKRÁNING INNAN TVEGGJA DEILISKIPULAGSREITA Í VAGLASKÓGI, FNJÓSKADAL



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS581-15321

Ljósmynd á forsíðu er af kolagröf nærri versluninni í Vaglaskógi (SÞ-098:012G)

©2015
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR 5

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF 7

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU 9

4. FORNLEIFASKRÁ 11

5. SAMANTEKT 45

HEIMILDASKRÁ 49

Viðauki 1: Hnitalisti yfir allar minjaeiningar sem skráðar voru í Vaglaskógi


Viðauki 2: Yfirlitskort yfir syðri deiliskráningarreit

Viðauki 3: Yfirlitskort yfir nyrðri deiliskráningarreit

1. Inngangur

Sumarið 2015 gerðu Fornleifastofnun Íslands ses og Skógrækt ríkisins samkomulag um að Fornleifastofnun myndi sjá um úttekt á fornleifum á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi. Reitirnir eru báðir í landi Vagla, annars vegar 2,3 ha reitur í kringum verslunina í Vaglaskógi og hins vegar 12,3 ha reitur umhverfis tjaldstæði í Hróarsstaðanesi og Stórarjóðri. Talsverðar framkvæmdir hafa þegar átt sér stað innan reitanna tveggja, á öðrum þeirra er verslun og stórt bílaplan en á hinum tjaldstæði og margvísleg aðstaða þeim tengd. Uppi eru hugmyndir um frekari uppbyggingu innan reitanna á næstu árum og felst sú uppbygging m.a. í nýjum göngustígum, leiksvæðum og bílastæðum ásamt byggingu nýrra snyrtinga og þjónustubyggingar.

Heimildaskráning um jörðina Vaglir lá fyrir en hana hafði Fornleifastofnun unnið fyrir sveitarfélagið Hálshrepp árið 2002.[1] Um vettvangsrannsókn, alla úrvinnslu, skýrslu- og kortagerð sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir en Gísli Pálsson vann hreinteikningar uppmælinga. Ýmsir aðilar aðstoðuð við verkið. Ómar Ívarsson hjá Landslagi var tengiliður verkkaupa og aðstoðaði hann við undirbúning verksins á ýmsan hátt. Minjastofnun Íslands lánaði Trimble tæki til uppmælinga og áður en gengið var um svæðin var rætt var við Guðna Þorstein Arnþórsson sem kom með margar gagnlegar ábendingar um svæðin. Eru öllum ofangreindum aðilum færðar þakkir fyrir aðstoðina.



Á kortinu er áætluð staðsetning rannsóknarsvæðisins sem tekið var út í Vaglaskógi sýnd með rauðum kassa. Íslandskort: Gísli Pálsson.

[1] Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Hálshreppi svæðisskráning (FS165-01031).*

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort sem sýnir rannsóknarsvæðin og fornleifar innan þess.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Skráningin sem hér er til umfjöllunar fellur undir deiliskráningu sem er nákvæmari útfærsla á aðalskráningu. Deiliskráning er yfirleitt aðeins gerð þar sem unnið er að deiliskipulagi eða umhverfismati. Við deiliskráningu er gengið kerfisbundið um úttektarreit og allar fornleifar sem finnast á afmörkuðu svæði færðar á skrá. Þar af leiðandi er venjan að gaumgæfa mjög vel þau svæði þar sem framkvæmdir standa fyrir dyrum. Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Fornleifaskráning er bundin skipulagsgerð í lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) en þar segir í 16. grein:

> Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í lögum um menningarminjar víðtæk.

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

> a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> i. skipsflök eða hlutar þeirra.
> Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í júlí 2015 fór fram úttekt á deiliskipulagsreitunum tveimur í Vaglaskógi, innan landareignar gömlu Vaglajarðarinnar. Áður en svæðið var gengið var talað við staðkunnuga og loftmyndir kannaðar. Á vettvangi var notast við þá vinnureglu að skilgreina allar fundnar minjar innan marka rannsóknarsvæðis „í stórhættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að hættan sem steðjar að minjunum sé misbráð. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari tilheyra Vöglum sem hefur kenninúmerið SÞ-098). Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-098:012). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif



Dæmi um skráningu á minjastað. Við skráningu í Vaglaskógi voru hnit þó tekin í ISN93 en ekki WGS84

sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð á tvennan hátt. Annars vegar með handhægum GPS staðsetningartækjum (ISN93) og hins vegar voru allar sýnilegar minjar mældar upp með GPS-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávik frá miðju er innan við 1 metri. Þrátt fyrir það er rétt að ítreka að flestar minjarnar voru inni í þéttum skógi og bæði mælitækin áttu í erfiðleikum með að ná góðu sambandi við gervihnetti. Því reyndist talsverð skekkja í uppmælingum og er því sjálfsagt nauðsynlegt að gera ráð fyrir að hún geti hafa verið allt að 5 m vegna slæmra aðstæðna. Auk staks hnits sem fylgir með fremst í umfjöllun um hvern minjastað er að finna töflu með öllum hnitum í ISN93 aftast í skýrslu. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

SÞ-098 Vaglir

1712: Jarðardýrleiki 20 hdr. Konungsjörð. Var eign Munkaþverárklausturs en seld 1813 ásamt eyðihjáleigunni Kiðagerði. "Á Vöglum bjuggu stundum í fornöld höfðingsmenn Ljósvetningaættar. Ennþá voru höfðingjar þeirrar ættar á Vöglum fram um 1200. Þar ólst upp Guðmundur biskup góði, en síðan getur Vagla lítt við sögu."LÞ I, 160.

20.8.1479: Atli, Kári og Eyjólfr Önundarsynir selja Einari ábóta og klaustrinu á Munkaþverá allan skóginn í Vaglajörðu milli Merkilækjar og Valavörðu og Kiðsár, að fráteknum ánefndum parti, fyrir alls fimtán hundruð, með fleira skilorði..."DI VI, 221-222.

8.9.1485: "Hálfdán Einarsson handsalar Einari ábóta á Munkaþverá klaustrinu til eignar þann skóg, er hann reiknaðist eiga i Vaglajörðu í Fnjóskadal, gegn svo miklu timbri úr skóginum, er Árni bróðir Hálfdánar hafði átt skilið, en það var tíu hundruð að tölu eða tólf."DI VI, 546.

1908: Eign Skógræktar ríkisins, fyrsta aðsetur skógarvarða í Norðlendingafjórðungi

1918: Tún 4,1 ha. þar af sléttað 3/4.

1712: "Túninu spilla smáskriður að ofanverðu á vorin. Úthagar eru nægir."JÁM XI, 90. "Vaglir voru eigi mikil jörð, heldur harðbalaleg ofan skógarins, og engið smáblettir um skóginn."LÞ I, 160. Vaglaskógur í landi Vagla. Nýbýli: Lerkihlíð, byggt 1978. BBSÞ, 121

"Landið liggur í fjallshlíðinni austan Fnjóskár, og er hæðarmunur frá ánni upp í Vagli um 100 m. Vaglaskógur var afgirtur árið 1909 ásamt hluta af Hálsskógi...Vaglaskógur er einhver fegursti birkiskógur landsins...Beitiland fyrir sauðfé er ofan girðingar."BBSÞ, 121.

SÞ-098:009 *Hróarsstaðanes* hleðsla leikvöllur X 550438 Y 580190

"Hróarsstaðanes er austan Fnjóskár i Vaglalandi (Hróarsstaðir eru vestan við ána). Þar eru sléttir bakkar með ánni, og vaxa þar birkitré á stangli. Þar er aðalsamkomustaður Fnjóskdælinga að sumarlagi, og hefur svo verið um langan aldur. Venjulega er þarna hin síðari ár mjög gestkvæmt á sumrin, enda er skógurinn einna þéttastur suður og upp frá nesinu, og staður þessi hinn fegursti. Þar er ræðustóll, og getur þar hver ferðalangur svalað mælskuþörf sinni, ef andinn kemur yfir hann," segir í örnefnaskrá. Í Hróarsstaðanesi eru nú tjaldstæði á tveimur stöllum, sá neðri er alveg niður við Fnjóská en sá efri aðeins ofan og beint vestan við veginn sem liggur í gegnum Vaglaskóg. Á efra tjaldstæðinu má enn greina svolitla upphleðslu þar sem hlaðið var undir ræðupúltið. Hún er um 10 m vestan við veginn sem liggur í gegnum Vaglaskóg fast sunnan við þar sem keyrt er inn á efra tjaldstæðið. Svæðið er grasi gróið og sléttað en hleðslan er í jaðri skógarrjóðurs.



Hleðslan (SÞ-098:009) undir ræðupúltið í Hróarsnesi sést enn í jaðri tjaldstæðis

Hleðslan er um 3 x 2 m stór og 0,5 m á hæð. Mannafundir hafa hins vegar verið víðar á Hróarsstaðanesinu þótt ummerki um þá séu nú lítil ef frá er talin hleðslan undir ræðupúltið.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Vaglar, 2

SÞ-098:012 gryfja kolagröf X 550970 Y 579142

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 020-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af sex kolagröfum (A-F) sem allar eru vestan við göngustíg sem liggur til suðurs frá bílaplani verslunar í Vaglaskógi og í átt að hjólhýsastæði. Kolagrafirnar eru 20-25 m austan við bílveginn í gegnum Vaglaskóg. Sú kolagröf sem næst er versluninni er um 130 m sunnan hennar. Á þessum slóðum er svolítill flati. Vestar tekur við halli til vesturs að Fnjóská en austar brekka. Stígurinn frá versluninni er nálægt kverkinni þar sem land hækkar til austurs og kolagrafirnar eru allar í eða í námunda við kverkina í röð. Umhverfis er birkiskógur en hann hefur nokkuð verið grisjaður á flatanum. Í skógarbotninum vaxa elfting, sóleyjar og blágresi.

Í þessari þyrpingu voru skráðar sex kolagrafir á svæði sem er um 41 x 8 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður. Ljóst er hins vegar að þær eru mun fleiri utan deiliskipulagsreits.

KOLAGRÖF A: Sú gröf sem skráð var syðst var um 2 m norðan við syðri mörk deiliskipulags. Hún er hér nefnd A. Kolagröf A er ein stærsta kolagröfin á svæðinu eða tæplega 2 m í þvermál en um 0,8 m á dýpt. Hríslum hefur verið hent ofan í hana. Gröfin er gróin sóleyjum, blágresi og elftingu en ekki er greinilegur mikill kragi umhverfis hana.



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:012A-F á syðri deiliskipulagsreit. Dökka rákin nærri vesturjaðri korts er vegurinn sem liggur um Vaglaskóg og blágræn lína markar suðurmörk deiliskipulagsreits

KOLAGRÖF B: Um 1,2 m norðan við kolagröf A er kolagröf B. Hún er óskýrari en A, 1,2-1,5 m í þvermál og um 0,6 m á dýpt. Stórt birkitré vex í norðausturhlið hennar.

KOLAGRÖF C: Um 15 m norðan við kolagröf B er kolagröf C. Göngustígurinn liggur yfir austurhluta hennar og er stórt birkitré í vesturhliðinni. Kolagröfin er gróflega áætlað 1,5 m í þvermál og 0,6 m á dýpt. Svolítill kragi er greinilegur á börmum hennar.



Kolagröf SÞ-098:012A lengst til vinstri, B í miðju og C lengst til vinstri.



Kolagröf SÞ098:012D lengst til vinstri, gröf E í miðju og gröf F lengst til hægri

KOLAGRÖF D: Kolagröf D er 5-6 m norðan við kolagröf C. Hún er lítil og grunn eða 1,2 m í þvermál og 0,4 m á dýpt.

KOLAGRÖF E: Kolagröf E er um 3 m norðan við kolagröf D og um 1,5 m vestan við göngustíginn. Hún er aðeins aflöng og er 1,5-1,7 m austur-vestur en 1,3-1,5 m norður-suður. Kolagröfin er 0,4-0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF F: Kolagröf F er um 5 m norðvestan við kolagröf E. Gröfin er stór og svolítið aflöng eða um 2 m austur-vestur en 1,5-1,7 m norður suður. Hún er 0,8-0,9 m á dýpt. Talsvert af hrískum er vestan er í gröfinni. Vestan við hana er dæld en líklegast er það ekki kolagröf. Kolagröf F er um 25 m sunnan við bílaplan við verslun.


Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:020 gryfja kolagröf X 550998 Y 579138

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 021-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af sex kolagröfum (A-F) sem allar eru í námunda við brekkubrún brekku sem tekur við austan við flata þann sem bílaplan verslunar í Vaglaskógi og verslun eru á. Þær eru nokkuð samsíða

kolagrafaþyrpingu 012 en nokkuð brött brekka er á milli (þó aðeins um 20-30 m). Á vesturbrún brekku og niður af gröfunum hallar til vesturs niður að flata þar sem vegur og bílaplan við verslun eru. Umhverfis er fremur þéttur birkiskógur. Í skógarbotninum vaxa



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:020A-F á syðri deiliskipulagsreit. Þær eru nærri suðausturhorni deiliskipulagsreits við verslun og markar blágræn lína mörk reitins

elfting, sóleyjar og blágresi.

Í þessari þyrpingu voru skráðar sex kolagrafir á svæði sem er um 45 x 12 m stórt og snýr gróflega norður-suður en fylgir þó brekkubrúninni og liggur því í svolítinn boga með henni. Fleiri grafir eru væntanlega utan úttektarsvæðis og sú gröf sem skráð var syðst (kolagröf A) er í jaðri skipulagsreits.

KOLAGRÖF A: Hún er stór og greinileg og um 2 m í þvermál en aðeins aflöng austur-vestur. Hún er um 1 m á dýpt.

KOLAGRÖF B: Um 2 m NNA við kolagröf A er kolagröf B. Hún er rétt innan við (norðan við) mörk skipulagsreits. Hún er stór eða 3 x 2 m og snýr austur-vestur. Gröfin er um 0,6 m á dýpt. Hún er óvenjustór af kolagröf að vera en er greinilega mannaverk og líkist ekki tóft.

KOLAGRÖF C: Um 5 m NNV við kolagröf B er kolagröf C. Í henni er talsverður trjávöxtur. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,5-0,6 m á dýpt.



Kolagröf SÞ-098:020 A lengst til vinstri, þá gröf B í miðju og gröf C lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:020 D lengst til vinstri, gröf E í miðjunni og gröf F lengst til hægri

KOLAGRÖF D: Um 6-7 m norðan við kolagröf C er kolagröf D. Hún er 1,8-2 m í þvermál og 0,6-0,8 m á dýpt. Bakkar grafarinnar eru aflíðandi, sérlega norðurhlið hennar.

KOLAGRÖF E: Kolagröf E er í talsverðri fjarlægð frá gröfum A-D (um 13 m eru á milli) en hún er á sömu brekkubrún. Gröf E er óljósari en hinar grafirnar og norðvestan hennar er dæld sem gæti verið önnur kolagröf en var ekki fullkomlega sannfærandi og var því ekki skráð sérstaklega. Kolagröf E er 1,5 x 1,2 m stór og 1,3-1,4 m á dýpt.

KOLAGRÖF F: Kolagröf F er stendur svolítið hærra en hinar grafirnar í þessari þyrpingu.

Hún er tæpum 10 m norðaustan við kolagröf E. Hún er um 1,5 m í þvermál en 0,2-0,5 m á djúpt. Hún er mun grynnri að vestan heldur en að austan og svolítill kragi er merkjanlegur umhverfis hana.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:021 gryfja kolagröf X 551017 Y 579153

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020 og 22-031). Undir númerinu 021 eru skráðar tvær kolagrafir (A-B).Þær eru ofar á sömu hæð og sú kolagrafaþyrping sem skráð var undir númerinu 020, í og fast utan marka úttektarsvæðis. námunda við brekkubrún brekku sem hækkar til austurs austan við flata þann sem bílaplan verslunar í Vaglaskógi og verslun eru á. Þær eru nokkuð samsíða þyrpingu 012 en nokkuð brött brekka er á milli (þó aðeins um 20-30 m í beina loftlínu). Kolagrafirnar eru á



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:012A-B á syðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína markar suðausturhorn reitsins.

stalli í hlíðinni, um 20 m sunnan við jeppafæran stíg sem liggur upp skóginn á þessum slóðum. Grafirnar eru á mörkum birkiskógar og ræktaðs lerkis en greinilegt er að það er búið að grisja lerkið talsvert.



Kolagröf SÞ-098:021A til vinstri en kolagröf B til hægri

Undir þessu númeri voru skráðar tvær kolagrafir sem eru á svæði sem er um 16 x 5 og snýr norður-suður.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er í raun fast austan við deiliskiplagsreit. Hún er 1,5-1,8 m í þvermál og 0,5 m á dýpt.


KOLAGRÖF B: Kolagröf B er tæpum 12 m sunnan við A og rétt innan deiliskipulagsmarka. Hún er eilítið þríhyrningslaga og um 1,5 m í þvermál en 0,6 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:022 gryfja kolagröf X 550999 Y 579195

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-021og 023-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af fjórum kolagröfum (A-D). Þrjár þeirra (A-C) eru þétt saman en sú fjórða (D) er um 26 m NNV. Allar eru kolagrafirnar í námunda við brekkubrún sem hækkar til austurs, austan við flata þann sem bílaplan verslunar í Vaglaskógi og verslun eru á. Þær eru um 30 m austan við bílaplan (í beina loftlínu) en brött brekka er á milli. Í þéttum greniskógi á nokkrum flata. Vel má vera að enn fleiri grafir leynist í kring en erfitt er að leita af sér allan grun á svæðinu.



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:022A-D. Þær eru nærri austurjaðri syðri deiliskipulagsreits en mörkin eru sýnd með blágrænni línu

Undir þessu númeri voru skráðar fjórar kolagrafir sem eru á svæði sem er um 26 x 7 og snýr NNV-SSA.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er norðvestast af gröfunum þremur sem eru þétt saman. Kolagröf A er um 1,5 m í þvermál en 0,4 m á dýpt. 4-6 stór grenitré vaxa í börnum kolagrafarinnar.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er 4-5 m suðaustan við A. Hún mjög óljós og er í raun mögulegt að um náttúrulega dæld sé að ræða. Hún var þó látin njóta vafans. Gröfin er 1,2-1,4 m í þvermál en 0,2-0,3 m á dýpt og er full af hrískum.

KOLAGRÖF C: Kolagröf C er um 2 m norðvestan við B. Hún mjög grunn dæld, sem



Kolagröf SÞ-098:022A á mynd til vinstri en kolagröf B er á mynd til hægri



Kolagröf SÞ-098:022C á mynd til vinstri en kolagröf D er á mynd til hægri

líkt og B gæti mögulega verið náttúruleg dæld en var látin njóta vafans. Dældin er 1,5 m í þvermál en 0,2-0,3 m djúp. Allt umhverfis vaxa grenitré.

KOLAGRÖF D: Kolagröf D er um 17 m NNV við grafir A-C. Hún er í e.k. lægð í skóginum og er aðeins ílöng eða 1,8 x 1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,6 m djúp. Tré vaxa í börmum hennar en botninn er flatur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:023 gryfja kolagröf X 550961 Y 579241


"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-022 og 024-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af fimm kolagröfum (A-E) sem eru á flata fast ofan (austan) við bílastæðið við verslunina í Vaglaskógi og um 75 m norðan við nyrstu kolagröf í þyrpingu 012. Kolagrafirnar



Kolagröf SÞ-098:023 A lengst til vinstri, þá gröf B í miðju og gröf C lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:020 D til vinstri og gröf E til hægri



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:023A-E á syðri deiliskipulagsreit. Þær eru fast austan við bílaplan við verslun. Efst í hægra horni loftmyndar sést glitta í mörk skipulagsreitsins sem eru sýnd með blágrænni línu

eru 5-10 m austan við jaðar bílaplansins. Greniskógur er fast austan við stíg en vestan hans er birkiskógur.


Undir þessu númeri voru skráðar fimm kolagrafir á svæði sem er 27 x 9 m stórt og snýr NNV-SSA.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er syðst í þyrpingunni. Hún er um 1,2 m í þvermál og 0,2-0,3 m á dýpt og er um 0,5 m austan við göngustíg sem liggur frá versluninni og til suðurs.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er 4-5 m norðan við kolagröf A. Hún er einnig um 0,5 m austan við stíg, líklega aðeins aflöguð vegna stígsins. Kolagröfin er 1,7 x 0,8 m og snýr austur-

vestur. Hún er 0,4 m á dýpt.
KOLAGRÖF C: Kolagröf C er um 5-6 m NNV við kolagröf B og um 3 m vestan við stíg. Hún er um 2 m í þvermál en 1-1,2 m á dýpt.
KOLAGRÖF D: Kolagröf D er um 4 m NNV við kolagröf C. Hún er mjög lítil eða 1-1,2 m í þvermál og 0,3-0,4 m á dýpt.
KOLAGRÖF E: Kolagröf E er um 8 m norðan við kolagröf C og um 1 m vestan við stíg. Hún er stærsta kolagröfin á þessu svæði eða um 3 m í þvermál og 1 m á dýpt með greinilegum kraga í kring.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:024 gryfja kolagröf X 550922 Y 579351
"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-023 og 025-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af 12 kolagröfum (A-L) sem eru á flatanum sem tekur við fast norðan við bílastæðið við verslunina í Vaglaskógi en 15-40 m austan við veginn sem liggur í gegnum Vaglaskóg. Ljóst er að fleiri grafir eru á því svæði sem tekur við norðan deiliskipulagsreits en þær voru eðli málsins samkvæmt ekki skráðar. Á þessum slóðum er þéttur birkiskógur en skógarbotninn er vaxinn blágresi, elftingu og sóleyjum.
Undir þessu númeri voru skráðar tólf kolagrafir á svæði sem er 68 x 15 m stórt og snýr NNV-SSA.
KOLAGRÖF A: Kolagröf A er nyrst í þyrpingunni og að stóru leyti utan/í jaðri deiliskipulagsreits. Hún er fast vestan við stíg um svæðið. Kolagröfin er svolítið aflöng austur-vestur og er 1,7 x 1,5 m að stærð en 0,3-0,4 m á dýpt.
KOLAGRÖF B: Kolagröf B er um 2 m ofan (austan) við kolagröf A. Hún er við stíg um svæðið og mikil birkitré vaxa í henni. Kolagröfin er um 1,5 m í þvermál en 0,4 m á dýpt.
KOLAGRÖF C: Kolagröf C er um 1 m vestan við stíg. Hún er um 1,5 m í þvermál og 0,5 m á dýpt.
KOLAGRÖF D: Kolagröf D er um 1,5 m neðan (vestan) við stíg. Hún er um 2 m í þvermál en hliðar hennar eru mjög aflíðandi og er hún aðeins 0,2-0,3 m á dýpt.
KOLAGRÖF E: Kolagröf E er 4-5 m neðan (vestan) við stíg en hálfgerð rás liggur frá stíg og að henni. Hún er um 2 m í þvermál en 0,8-1 m á dýpt.



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:024A-L á syðri deiliskipulagsreitnum. Blágræn lína markar norðurmörk reitsins

KOLAGRÖF F: Kolagröf F er um 4 m neðan (vestan) við stíg og um 14 m sunnan við E. Hún er á kafi í birkiskógi. Gröfin er um 1,5 m í þvermál og 0,3 m á dýpt með greinilegum kraga í kring. Tvær dældir eru fast við kolagröf F. Önnur fast vestan við kolagröfina en hin fast suðaustan hennar. Verið getur að þessar dældir séu einnig kolagrafir en þær þóttu heldur óljósar og voru því ekki skráðar sérstaklega.

KOLAGRÖF G: Kolagröf G er um 1 m vestan við stíg og um 10 m suðaustan við kolagröf F. Hún er 1,5 m í þvermál og 0,3-0,4 m á dýpt. Kolagröf H er um 1 m austan við stíg, beint ofan



Kolagröf SÞ-098:024A er lengst vinstri, kolagröf B á miðjumynd og kolagröf C á mynd lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:024D á mynd til vinstri en kolagröf E á mynd í miðju en gröf F er á mynd til hægri



Kolagröf SÞ-098:024G er á mynd lengst til vinstri, kolagröf H á mynd í miðju en gröf I á mynd til hægri



Kolagröf SÞ098:024J

(austan við kolagröf G).

KOLAGRÖF H: Kolagröf H er 1,8 x 1,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,5 m á dýpt. Kolagröf I er 1,5-2 m austan við stíg. Hún er um 2 m í þvermál og 0,8-1 m á dýpt.

KOLAGRÖF J: Kolagröf J er fast vestan við stíg og talvert óljós. Hún er rúmlega 1,5 m í þvermál en 0,4-0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF K: Kolagröf K er 3-4 m vestan við stíg. Hún er um 2 x 1,8 m að stærð og er ílöng austur-vestur.


KOLAGRÖF L: Kolagröf L er 1,5 m austan við stíg þar sem hann liggur af bílaplani við verslunina í Vaglaskógi. Kolagröfin er um 1,8 m í þvermál og um 1 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:025 gryfja kolagröf X 550944 Y 579378

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-024 og 026-031). Undir þessu númeri eru skráðar tvær kolagrafir (A-B) sem eru á lítilli



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:025A-B á syðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína markar norðausturhorn reitsins



Kolagröf SÞ-098:025A á mynd til vinstri en gröf 025B

syllu í brattri hlíð um flatanum sem tekur við fast austan við bílastæðið við verslunina í Vaglaskógi. Á þessum slóðum er þéttur birkiskógur í talsverðum halla en kolagrafirnar eru á svolítilli syllu í brekkunni. Talsverður gróður er í skógarbotninum á þessum slóðum og erfitt að leita af sér allan grun.

Undir þessu númeri voru skráðar tvær kolagrafir á svæði sem er 16 x 5 m stórt og snýr NNV-SSA.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er norðar og innan við 10 m sunnan við norðurmörk deiliskipulagsreits við verslunina í Vaglaskógi. Kolagröfin er 1,8 m í þvermál og um 0,5 m á dýpt og eru hliðar hennar aflíðandi.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er um 14 m sunnan við kolagröf A. Hún er um 2 m í þvermál og 0,8 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:026 gryfja kolagröf X 550465 Y 580065

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-025, 027-031). Undir þessu númeri voru skráðar tvær kolagrafir (A-B) syðst á neðra tjaldstæðinu við Hróarsstaðanes og rétt austan þess. Fleiri grafir voru skráðar á efra tjaldstæðinu og í framhaldi af því til norðurs (sjá 027 og 029) og mætti jafnvel færa rök fyrir því að þær mætti allar telja til einnar og sömu þyrpingarinnar. Þær



Kolagröf SÞ-098:026A á mynd til vinstri en kolagröf B á mynd til hægri

grafir sem hér eru skráðar eru þó neðar og nær árbakkanum og eru því skráðar sér. Á þessum slóðum er þéttur birkiskógur.



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:026A-B á nyrðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína markar austurmörk reitsins

Undir þessu númeri voru skráðar tvær kolagrafir á svæði sem er 53 x 6 m stórt og snýr NNA-SSV.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er í skógarrjóðri ofan við neðra tjaldstæðið í Hróarsstaðanesi. Gröfin er 1,4-1,5 m í þvermál og 0,5 m á dýpt. Rétt ofan við hana er langur skurður í skóginum sem liggur nálega norður-suður.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er tæpum 50 m sunnan við kolagröf A, og er fast ofan við (austan við) vegarslóða á tjaldstæðinu. Hún er um 1,8 m í þvermál en 0,5-0,6 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:027 gryfja kolagröf X 550364 Y 580314

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:027A-F á nyrðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína markar reitinn

saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-026 og 028-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af sex kolagröfum (A-F) á efra tjaldstæðinu við Hróarsstaðasnes í skóginum

norðan þess. Fleiri grafir voru norðar í sama skógi (sjá 029) og á neðra tjaldstæðinu í Hróarsstaðanesi (026) mætti e.t.v. kalla það hluta af sömu þyrpingu en um 80 m eru þó á milli nyrstu grafar 027 og syðstu grafar 029. Hér var látið nægja að skrá þær grafir sem þéttastar voru saman, undir einu og sama númerinu. Kolagrafirnar eru á flata í skóginum sem hallar örlítið til vesturs, en enn vestar tekur við stuttur en brattur bakki að Fnjóská. Syðstu grafirnar ná þó inn á efra tjaldstæðið í Hróarsstaðanesi.

Undir þessu númeri voru skráðar sex kolagrafir á svæði sem er 240 x 15 m stórt og snýr NNV-SSA.



Kolagröf SÞ-098:027A lengst til vinstri, kolagröf B í miðju og kolagröf C lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:027D lengst til vinstri, fyllt kolagröf E í miðju og kolagröf F lengst til hægri

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er nyrsta gröfin í þeirri þyrpingu sem skráð var undir númerinu 027. Hún er um 120 m norðan við norðurenda tjaldstæðis en innan við 20 m vestan við Fnjóská. Gröfin er um 1,5 x 1,2 m stór og er því aðeins aflöng austur-vestur. Hún er 0,3-0,4 m á dýpt.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er innan við 5 m sunnan við B. Hún er 2,5 x 1,8 m að stærð og er aflöng austur-vestur. Gröfin er um 1 m á dýpt.

KOLAGRÖF C: Kolagröf C er um 44 m SSV við kolagröf B. Kolagröfin er svolítið ferhyrnd að sjá og um 1,5 m á kant. Hún er um 0,3 m á dýpt. Í henni vex mjög stórt birkitré að vestanverðu.

KOLAGRÖF D: Um 70 m SSV við kolagröf C er kolagröf D. Hún er við suðurenda efra tjaldstæðis við Hróarsstaðanes. Gröfin er óregluleg og um 1,5 m í þvermál en 0,4 m á dýpt.

KOLAGRÖF E: Kolagröf E er á tjaldstæðinu í Hróarsstaðanesi (því efra) miðju, um 56 m SSV við kolagröf D. Þar var greinileg kolagröf en Þorsteinn Arnþórsson sagði frá því að starfsmenn Skógræktarinnar hefðu nýlega fyllt hana og tyrft yfir. Enn má sjá móta fyrir gröfinni þar sem þökurnar sem settar voru yfir eru ekki grónar en af því að dæma hefur hún verið um 1,2 m í þvermál.

KOLAGRÖF F: Kolagröf F er um 60 m sunnan við kolagröf E. Hún er um 1,5 m í þvermál en 0,5 m á dýpt og ofan í henni vaxa birkitré.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:028 gryfja kolagröf X 550480 Y 580523

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-027 og 029-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af 13 kolagröfum (A-M) sem eru ofan við brekkuna sem tekur við austan við tjaldstæðið í Stórarjóðri. Kolagrafirnar á flata sem tekur við ofan við brekku austan tjaldsvæðis. Umhverfis er birkiskógur og mikill gróður er í skógarbotninum og erfitt að þaulleita á svæðinu.

Undir þessu númeri voru skráðar 13 kolagrafir á svæði sem er 210 x 75 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður.

KOLAGRÖF M: Kolagröf M er norðaustast á svæðinu og tæpum 40 m suðvestan við norðausthorn deiliskipulagsreits. Kolagröfin er í blönduðum birki og barrskógi. Hún er 2-2,5 m í þvermál en 1 m á dýpt.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er um 50 m VSV við kolagröf M. Kolagröf A er stór eða um 2 m í þvermál og 1 m á dýpt.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er um 40 m ASA við kolagröf A og um 27 m norðan við ræktunarreit Skógræktarinnar. Hún er um 10 m sunnan við mörk birki- og greniskógar. Hún er um 1,5 m í þvermál en 0,7-0,8 m á dýpt.

KOLAGRÖF C: Kolagröf C er 60 m sunnan við kolagröf B. Hún er 15-20 m sunnan við ræktunarreit Skógræktarinnar. Kolagröf C er ávöl austur-vestur og 2 X 2,5 m í þvermál en 0,4 m á dýpt.

KOLAGRÖF D: Kolagröf D er 35 m suðaustan við kolagröf C. Kolagröfin er fáeinum metrum vestan við syðra ræktunarsvæði Skógræktarinnar innan deiliskipulagsreits. Hún er 2-



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:028A-M á nyrðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína sýnir austurmörk reitsins

2,5 m í þvermál en 0,3-0,4 m á dýpt. KOLAGRÖF E: Kolagröf E er 46 m suðvestan við kolagröf D. Hún er 2-2,5 m í þvermál en 0,8-0,9 m á dýpt.



Kolagröf SÞ-098:028A lengst til vinstri, kolagröf B í miðju og kolagröf C lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:028D lengst til vinstri, kolagröf E í miðju og kolagröf F lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:028G lengst til vinstri, kolagröf H í miðju og kolagröf I lengst til hægri

KOLAGRÖF F: Kolagrafir F og G eru þétt saman. Þær eru rúmum 30 m sunnan við kolagröf E. Kolagröf F er norðar. Hún er um 1,5 m norðan við kolagröf G. Kolagröf F er lítil eða um 0,8 m í þvermál en 0,3 m á dýpt. KOLAGRÖF G: Kolagröf G er stæðileg og svolítið ferköntuð. Hún er um 1,5 m á kant og er 0,5-0,6 m á dýpt.



Kolagröf SÞ-098:028J lengst til vinstri, kolagröf K í miðju og kolagröf L lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:028M

KOLAGRÖF H: Kolagrafir H-L liggja í hálfgerðan boga og fylgja brekkubrúninni á þessum slóðum. Kolagröf H er tæpum 20 m SSV við kolagröf G en 50 m norðan við veg að Skógræktinni. Hún er 1,5-1,8 m í þvermál, eilítið aflöng austur-vestur. Gröfin er um 0,8 m á dýpt.

KOLAGRÖF I: Kolagröf I er um 14 m vestan við gröf H. Gröf I er 1,5-1,7 m í þvermál og er örlítið köntuð. Hún er 0,8-0,9 m á dýpt.

KOLAGRÖF J: Kolagröf J er um 25 m vestan við kolagröf I. Hún er áberandi og um 2 m í þvermál en 1 m á dýpt.

KOLAGRÖF K: Kolagröf K er rúmlega 10 m VNV við kolagröf J. Hún er óljós en er um 1 m í þvermál en 0,4-0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF L: Kolagröf L er 23 m norðaustan við kolagröf K. Hún er fremur óljós og er um 1,5 m í þvermál en 0,5 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:029 gryfja kolagröf X 550307 Y 580541

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 var skráð 91 kolagröf sem flokkuð var saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-028 og 030-031). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af 7 kolagröfum (A-G) í þéttum skógi vestan við veginn um Vaglaskóg en norðan við efra tjaldstæðið í Hróarsstaðanesi. Fleiri grafir voru sunnar í sama skógi (sjá 029) og mætti e.t.v. kalla þær hluta af sömu þyrpingu (en um 80 m eru þó á milli nyrstu grafar 027 og syðstu grafar 029). Sama mætti e.t.v. gera við kolagrafir 026 sem þó eru nær árbakka Fnjóskár. Hér var látið nægja að skrá þær grafir sem þéttastar voru saman, undir einu og sama númerinu. Þéttur birkiskógur er allt í kring og mikill gróður vex í skógarbotninum.

Undir þessu númeri voru skráðar sjö kolagrafir á svæði sem er 150 x 15 m stórt og snýr norður-suður.

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er syðsta gröfin í þeirri þyrpingu sem skráð var undir númerinu 029. Hún er um 200 m norðan við norðurenda efra tjaldstæðis í Hróarsstaðanesi en innan við 20 m vestan við Fnjóská. Gröfin er um 1,5 m í þvermáli og 0,6 m á dýpt. Svolítill kragi er umhverfis gröfina að vestan, norðvestan og suðvestan.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B um 76 m norðan við kolagröf A. Hún er 2 x 1, 5 m að stærð og er aflöng austur-vestur. Gröfin er um 0,8 m að dýpt og svolítill kragi er greinilegur í kringum hana nema að austan.



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:029A-G á nyrðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína markar vesturmörk reitsins

KOLAGRÖF C: Kolagröf C er um 32 m norðan við kolagröf B. Hún er um 1,5 m í þvermál en 1,2 m á dýpt og er með brattar bakka. Fast norðan við kolagröf C er lítil og grunn dæld sem gæti mögulega verið kolagröf en þótti þó ekki fullkomlega sannfærandi og var því ekki skráð



Kolagröf SÞ-098:029A lengst til vinstri, kolagröf B í miðju og kolagröf C lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:02D lengst til vinstri, kolagröf E í miðju og kolagröf F lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:029G

sérstaklega. Dældin er 1-1,2 m í þvermál en 0,2 m á dýpt.

KOLAGRÖF D: Kolagröf D er um 11 m norðan við kolagröf C. Hún er um 1,5 m í þvermál en er þó aðeins aflöng austur-vestur. Gröfin er um 0,8 m á dýpt og svolítill kragi er merkjanlegur umhverfis hana.

KOLAGRÖF E: Kolagröf E er rúmlega 3 m austan við kolagröf D. Hún er rúmlega 2 m í þvermál og 1,4 m á dýpt.

KOLAGRÖF F: Kolagröf F er rúmlega 10 m NNV við kolagröf D. Hún er 1,8 m í þvermál og 0,9 m á dýpt. Gröfin er á kafi í þéttum birkiskógi.

KOLAGRÖF G: Kolagröf G er tæpum 15 m norðvestan við kolagröf F. Kolagröf G er um 1,5 m í þvermál en aðeins aflöng norður-suður. Hún er um 0,7 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:030 gryfja kolagröf X 550333 Y 580633

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 voru skráðar 91 kolagröf sem flokkaðar voru



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:030A-B á nyrðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína markar norðurmörk reitsins

saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-029 og 031). Undir þessu númeri eru skráðar tvær kolagrafir (A-B). Þær eru í raun á sama flata og kolagrafaþyrping 029 en grafirnar sem hér eru skráðar saman eru báðar ofan vegarins sem liggur í gegnum Vaglaskóg endilangan. Kolagrafirnar eru vestan og norðan við tjaldstæði í Stórarjóðri 2. Þéttur birkiskógur er allt umhverfis og talsverður gróður í skógarbotninum.

Undir þessu númeri voru skráðar tvær kolagrafir á svæði sem er 65 x 4 m stórt og snýr norður-suður.



Kolagröf SÞ-098:030A til vinstri en kolagröf B til hægri

KOLAGRÖF A: Kolagröf A er rétt norðaustan við bílastæðið við tjaldstæðið í Stórarjóðri (2) og norðan við slóða sem þar liggur upp skóginn. Svæðið umhverfis er á kafi í elftingu og getur verið að fleiri kolagrafir leynist þar þótt fleiri greinilegar grafir hafi ekki fundist við skráninguna. Kolagröf A er um 1,5 m í þvermál og 0,7 m á dýpt. Bakkar hennar eru ógreinilegir vegna elftingar.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er um 60 m sunnan við kolagröf A. Hún er innan við 20 m vestan við tjaldstæðið í Stórarjóðri. Gröfin er dálítið ferhyrningslaga og 1,6 m á kant. Hún er 0,8 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Vaglar, 3

SÞ-098:031 gryfja kolagröf X 550411 Y 580373

"Kolagrafir eru á víð og dreif um allan skóginn og einnig fyrir ofan hann, sem sýnir, að skógurinn hefur náð lengra upp áður en nú," segir í örnefnaskrá. Við úttekt á tveimur deiliskipulagsreitum í Vaglaskógi sumarið 2015 var skráð 91 kolagröf og þær flokkaðar saman í 13 þyrpingar (sjá einnig 012, 020-030). Sú þyrping sem hér er skráð samanstendur af 24 kolagröfum (A-X). Þær eru á brekkubrún ofan við (austan við) tjaldstæðið í Stórarjóðri og ná í raun eftir deiliskipulagsreitum endilöngum. Þéttur birkiskógur. Kolagrafirnar eru ofarlega á flatanum sem vegurinn um Vaglaskóg liggur eftir, margar nálægt brekkurótum.

Undir þessu númeri voru skráðar 24 kolagrafir á svæði sem er 280 x 15 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður.

KOLAGRÖF A: Kolagrafir A-H eru mjög þétt saman á litlu svæði. Kolagröf A er rúmlega 30



Yfirlitsmynd sem sýnir afstöðu þeirra kolagrafa sem skráðar voru saman undir númerinu SÞ-098:031A-X á nyrðri deiliskipulagsreit. Blágræn lína sýnir mörk reitsins

m norðan við veg að Skógrækt og fleiri mannvirkjum. Hún er 2 m austan við göngustíg sem

liggur frá veginum að Skógræktinni og í átt að Stórarjóðri. Kolagröf A er illgreinanlega sökum birkis sem vex í henni og umhverfis. Hún er þó á að giska tæpir 2 m í þvermál en 0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF B: Kolagröf B er tæpum 15 m vestan við A. Hún er 1,8 x 2 m í þvermál en er aðeins aflöng norður-suður. Kolagröfin er 0,7 m á dýpt og stórt tré vex í austurhlið hennar.

KOLAGRÖF C: Kolagröf C er um 10 m NNV við A og 3 m austan við göngustíg. Hún er mjög stór eða 3 x 2 m og snýr norður-suður. Greinilegur kragi er í kringum gröfina.

KOLAGRÖF D: Kolagröf D er tæpum 5 m norðvestan við kolagröf C. Kolagröf D má í raun skipta í tvær grafir D1 og D2. Kolagröf D1 er vestar og er mun stærri. Hún er 2-2,5 m í þvermál og 0,8 m á dýpt. Um 1 m austan við hana er D2. Hún er mun ógreinilegri en er um 1,5 m í þvermál og 0,4 m á dýpt. Um 1,5 m sunnan við D2 er enn önnur dæld, sem hugsanlega gæti einnig verið kolagröf en þótti of óljós til að hægt væri að fullyrða um það.

KOLAGRÖF E: Kolagröf E er tæpum 5 m vestan við kolagröf C. Hún er um 1,4 m í þvermál en 0,3 m á dýpt. KOLAGRÖF F: Kolagröf F er tæpum 5 m norðan við kolagröf D2. Hún er fremur ógreinileg en var þó talin nokkuð örugg kolagröf. Hún er 1,3 m í þvermál en 0,2-0,3 m á dýpt. Hún er algróin elftingu.

KOLAGRÖF G: Kolagröf G er rúmlega 7 m norðvestan við kolagröf F. Hún er lítil, eða um 1 m í þvermál og 0,3 m á dýpt.

KOLAGRÖF H: Kolagröf H er 1 m vestan við stíg og um 11 m vestan við gröf G. Kolagröf H er um 1,5 m í þvermál og 0,8 m á dýpt.

KOLAGRÖF I: Kolagröf I er nokkurn spöl frá þyrpingu A-G eða um 40 m norðan við kolagröf H. Kolagröf I er 1,5 m austan við göngustíg og er hún 1,5 x 1,8 m að stærð og snýr norður-suður. Kolagröfin er 0,7 m á dýpt. KOLAGRÖF J: Kolagröf J er tæpum 50 m NNA við kolagröf I. Hún er um 20 m suðaustan við tjaldstæðið í Stórarjóðri. Hún er tæplega 1,5 m í þvermál og 0,5 m á dýpt. Stórt tré vex í hlið hennar.

KOLAGRÖF K: Kolagröf K er tæpum 60 m norðan við kolagröf J og um 15 m ofan (austan) við tjaldstæðið í Stórarjóðri. Hún er um 1,8 m í þvermál og talsvert djúp eða um 0,9 m. Stór tré vaxa í og umhverfis gröfina. KOLAGRÖF J: Tæpum 30 m NNV við kolagröf J er kolagröf L sem er sú syðsta í talsverðri þyrpingu kolagrafa (L-O) sem allar eru fast austan við tjaldstæðið við Stórarjóður.

KOLAGRÖF L: Kolagröf L er sem fyrr segir syðst og er hún á kafi í gróðri. Gröfin er á að giska 2-2,5 m í þvermál en 0,7 m á dýpt.

KOLAGRÖF M: Kolagröf M er minna en 2 m norðvestan við kolagröf L. Kolagröf M er 1,4 m í þvermál en 0,5 m á dýpt.



Kolagröf SÞ-098:031A lengst til vinstri, kolagröf B í miðju og kolagröf C lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031D lengst til vinstri, kolagröf E í miðjunni og kolagröf F lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031G lengst til vinstri, kolagröf H í miðjunni og kolagröf I lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031J lengst til vinstri, kolagröf K í miðjunni og kolagröf L lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031M lengst til vinstri, kolagröf N í miðjunni og kolagröf O lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031P lengst til vinstri, kolagröf Q í miðjunni og kolagröf R lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031S lengst til vinstri, kolagröf T í miðjunni og kolagröf U lengst til hægri



Kolagröf SÞ-098:031V til vinstri en kolagröf X til hægri

KOLAGRÖF N: Kolagröf N er 2,5 m NNV við kolagröf L. Göngustígur liggur yfir hana og er hún óskýr af þeim sökum. Gröfin er 1,5-1,6 m í þvermál og 0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF O: Kolagröf O er rúmum 3 m norðan við kolagröf N og er kolagröf P fast vestan hennar. Kolagröf O er 1,5-1,6 m í þvermál og 0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF P: Kolagröf P er sem fyrr segir fast vestan hennar og fast austan tjaldstæðis við Stórarjóður. Kolagröf P er 1,5 m í þvermál en 0,4 m á dýpt en mikið af birkitrjám vex í henni. Kolagröf Q er um 20 m NNV við kolagröf O.

KOLAGRÖF Q: Kolagröf Q er í skógarjaðrinum austan við tjaldstæðið í Stórarjóðri. Hún er 1,8 x 1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,8 m á dýpt og er vaxin elftingu.

KOLAGRÖF R: Kolagröf R er tæpum 7 m norðan við kolagröf Q og er rétt austan við tjaldstæðið í Stórarjóðri og í brekkurótum eins og margar af kolagröfunum. Kolagröf R er lítil eða 1,2 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,4-0,5 m á dýpt.

KOLAGRÖF S: Kolagröf S er um 1 m NNV við kolagröf R. Kolagröf S er 1,5-1,7 í þvermál og bakkar hennar eru aflíðandi. Hún er 0,7 m á dýpt.

KOLAGRÖF T: Kolagröf T er rúmum 7 m NNV við kolagröf R. Kolagröf T er við norðausturhorn tjaldstæðis við Stórarjóður. Mjög stórt tré vex í henni. Kolagröfin er 1,8 x 1,5 m og snýr norður-suður. Hún er 0,6 m á dýpt. KOLAGRÖF X: Kolagröf X er fast vestan við kolagröf T. Kolagröf X er um 1,5 m í þvermál en 0,3 m á dýpt. Mjög stórt birkitré vex í norðausturhlið hennar.

KOLAGRÖF U: Kolagröf U er tæpum 2 m norðaustan við kolagröf T. Kolagröf U er 2 m í þvermál og um 0,7 m á dýpt.

KOLAGRÖF V: Kolagröf V er um 17 m norðan við kolagröf U og um rúmlega 5 m sunnan við norðurjaðar deiliskipulagsreits. Hún er fast sunnan við gangstíg upp skóginn norðan tjaldstæðis í Stórarjóðri. Kolagröf V er ílöng eða 1,8 x 1,4 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,5 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Vaglar, 3

5. Samantekt

Vaglaskógur er í landi Vagla og er annar stærsti skógur landsins, um 300 ha stór. Skógurinn komst í eigu Skógræktar ríkisins árið 1908. Hefðbundinn búskapur var stundaður á jörðinni samhliða ræktun fram eftir 20. öld en hefur nú lagst af. Heimatún jarðarinnar er á stalli ofan við sjálfan skóginn og í um 269 metra hæð yfir sjó. Vaglaskógur hefur nú um langt skeið talsvert verið nýttur til útivistar, þar eru hjólhýsa- og tjaldstæði og fjölmargir göngustígar liggja víðs vegar um skóginn.

Eins og áður hefur komið fram var heimildaskráning unnin fyrir Vaglajörðina árið 2002 en ekki er til þess vitað nokkur vettvangsskráning hafi farið fram á Vöglum áður en gengið var um deiliskráningarreitina tvo sumarið 2015.[2] Fornleifaskráning í Vaglaskógi var unnin seinni hluta júlímánaðar 2015 og tóku göngur um reitina tvo og skráning minja þrjá daga. Veðurskilyrði voru mjög góð, heiðríkt og skyggni gott en skógurinn og gróður allur með mesta móti. Rannsóknarsvæðin voru tvö, annars vegar nyrðri deiliskipulagsreitur í Stórrjóðri og Hróarsstaðanesi sem er um 12,3 ha stór og hinsvegar syðri reiturinn sem er umhverfis verslunina í Vaglaskógi og er um 2,3 ha stór. Báðir reitirnir eru nærri Fnjóská og tilheyra þeir svæði sem hefur sjálfsagt lengst af verið nýtt til kolagerðar og útbeitar að hluta. Úttektarsvæðin eru bæði austanmegin Fnjóskár og er þéttur skógur víðast hvar innan þeirra beggja. Innan reitanna beggja skiptast á stallar og brekkur og allt er svæðið vel gróið.

Nokkrar framkvæmdir hafa þegar átt sér stað innan beggja reita. Á syðri reitnum hefur risið verslun og salernisaðstaða. Auk þess er þar stórt bílaplan og nokkrir stígar. Á nyrðra svæðinu eru tjaldstæði á nokkrum stöllum, salerni, vegir og stígar. Allra austast á nyrðra svæðinu eru einnig ræktunarreitir Skógræktarinnar. Fyrirhuguð er frekari uppbygging og felst hún m.a. í nýjum göngustígum, leiksvæðum og bílastæðum ásamt byggingu nýrra snyrtinga og þjónustubyggingar.

Þrátt fyrir að við skráningu hafi verið gengið skipulega um allt svæðið var í raun ekki hægt að leita af sér allan grun. Þar sem skógur var þéttastur var erfitt að brjóta sér leið í gegn og jafnvel þótt svæðin hafi verið gengin eftir bestu getu var skógur þéttur og botngróður víða mikill þannig að yfirsýn við gönguna var takmörkuð. Margar af kolagröfunum sem skráðar

[2] Samkvæmt kortasjá Minjastofnunar Íslands.
Sjá www.loftmyndir.is/k/kortasjá.php?client=minjastofnun#

voru reyndust á kafi í gróðri og illmerkjanlegar og ekki er ólíklegt að enn fleiri grafir geti leynst á svæðinu.

Þrátt fyrir talsverða erfiðleika við vettvangsgöngur var reynt að ganga kerfisbundið um svæðið og leita að fornleifum, bæði þar sem þeirra mátti vænta fyrir fram og þar sem engar vísbendingar voru um að minjar gætu leynst. Niðurstaðan er sú að mikill fjöldi minja fannst, eða 92 minjaeiningar á reitunum tveimur. Skráður var samkomustaður í Hróarsstaðarnesi (SÞ-098:009) þar sem enn má greina hvar hlaðið var undir ræðupúlt en aðrar minjar sem fundust voru allt kolagrafir. Kolagrafirnar voru 91 talsins en þeim var skipt upp í 13 þyrpingar sem skráðar voru saman. Auk þeirra fornleifa sem ummerki fundust um má geta þess að heimildir geta um býli, Blómsturvelli, sem líklega hefur verið nálægt nyrðra úttektarsvæðinu austanverðu, í námunda við gróðrarstöðina. Ekki vita menn lengur nákvæmlega hvar býlið hefur staðið og hafi það náð inn á deiliskipulagsreit virðast ummerki um það horfin.[3]

Allar sýnilegar minjar voru mældar upp með Trimble tækum þar sem uppgefin skekkja ætti að vera vel innan við 1 m. Þar sem flestallir minjastaðirnir voru á kafi í þéttum skógi voru aðstæður til uppmælinga heldur bágbornar og samband við gervihnetti takmarkað. Því var skekkja á mæligögnum meiri en ella og því ber að taka mælingum á útlínum kolagrafa með nokkurri varúð.

Kolagrafirnar sem skráðar voru í Vaglaskógi eru merkilegur minnisvarði um nýtingu svæðisins á fyrri öldum. Fjöldi grafanna er mikill og óvanalegur. Ekkert er hægt að segja um aldur grafanna en leiða má að því líkum að aldur þeirra geti spannað langt tímabil. Nú nýverið grófu fornleifafræðingar upp kolagröf vestan Fnjóskar, í landi Skóga og var hún greinilega frá því fyrir 1477 og líklega enn eldri eða frá því fyrir 1300.[4] Líklegt er að grafirnar í Vaglaskógi geti náð allt aftur á fyrstu aldir byggðar og búast má við því að þær hafi verið notaðar í gegnum aldirnar. Fjöldi þeirra er áhugaverður og sömuleiðis sú staðreynd að þeir eru í fornum og þéttum birkiskógi. Margar af þeim kolagröfum sem fundist hafa á undanförnum áratugum hafa verið á bersvæði og bera því merki um eyðingu skóga og gjörbreytt gróðurfar. Grafirnar í Vaglaskógi aftur á móti verið ummerki um skipulagða en

[3] Ö-Vaglar, 2; JÁM XI, 92
[4] Lísabet Guðmundsóttir. Munnleg heimild.

hóflega skógarnýtingu á fyrri öldum, sem ekki gekk of nærri skógi svæðisins. Reitirnir tveir sem kannaðir voru sumarið 2015 voru tæplega 15 ha stórir en Vaglaskógur um 300 ha og má því gera sér í hugarlund að mörg þúsundir grafa leynist í skóginum öllum. Sumar grafanna kunna þegar að hafa skemmst við ýmsar framkvæmdir við stíga, tjaldstæði, vegi, aðstöðu og skógrækt. Þó er ljóst er að kolagrafirnar varðveitast sæmilega vel í birkiskóginum.

Allar þær fornleifar sem fjallað er um hér eru taldar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda. Hér er „framkvæmdir“ notað sem regnhlífahugtak um allar þær breytingar sem geta orðið á svæðinu vegna framkvæmda s.s. lagningu vega og göngustíga, gerð leiksvæða eða salernisaðstæðna, sem og áframhaldandi ræktunar. Enn er mörgum spurningum ósvarað um nýtingu skóga á öldum áður, kolagerð, rauðablástur og fleiri þætti íslenskrar iðnsögu sem tengist skógarnytjum. Mikilvægt er því að vernda fornar minjar um skógarnytjar og þar sem ekki verður komist hjá hnjaski séu grafir sem verða að víkja rannsakaðar af fornleifafræðingum. Þetta ber að hafa í huga við framkvæmdir innan deiliskipulagsreitanna tveggja. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar.

Rétt er að geta þess í lokin að þar sem ekki verður hjá raski komist úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildaskrá

BBSÞ: Helgi Jónasson, Jóhanna Á. Steingrímsdóttir og Erlingur Arnórsson. 1986. *Byggðir og bú Suður-Þingeyinga 1985*. [Án útgáfustaðar].

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn* I-XV. 1857-1972.

Kaupmannahöfn/ Reykjavík.

JÁM X: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Eyjafjarðarsýsla*. X bindi. 1943. Kaupmannahöfn.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Hálshreppi svæðisskráning.* Fjölrit númer FS165-01031. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík

LÞ I: Jón Sigurðsson. 1954. *Lýsing Þingeyjarsýslu* I. *Suður Þingeyjarsýsla.* Helgafell. Reykjavík.

Óútgefið efni

Fornleifastofnun Íslands:

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Ö-Vaglir: Örnefnaskrá Vagla. Margeir Jónsson skráði.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort Vagla 1918. Túnakort Hálshrepps.

Heimildamaður: Guðni Þorsteinn Arnþórsson, 26.08.1946.

Lísabet Guðmundsóttir, fornleifafræðingur. Munnleg heimild 31.08.2015.


Öll hnit í Landshnitakerfi (ISN93)

Samtala	X-hnit	Y-hnit
SÞ-098:009 ræðupúlt	550438.37	580189.59
SÞ-098:009B	550372.1	580098.27
SÞ-098:012A	550971.89	579120.18
SÞ-098:012B	550971.69	579123.34
SÞ-098:012C	550970.12	579142.67
SÞ-098:012D	550969.33	579148.58
SÞ-098:012E	550967.95	579152.13
SÞ-098:012F	550963.61	579156.87
SÞ-098:020A	550991.02	579127.09
SÞ-098:020B	550993.39	579131.03
SÞ-098:020C	550998.12	579139.12
SÞ-098:020D	550996.55	579145.82
SÞ-098:020E	550991.42	579160.22
SÞ-098:020F	550998.91	579168.11
SÞ-098:021A	551017.85	579153.12
SÞ-098:021B	551018.83	579139.31
SÞ-098:022A	550998.91	579195.53
SÞ-098:022B	551001.28	579195.53
SÞ-098:022C	551000.89	579191.38
SÞ-098:022D	550992.01	579213.47
SÞ-098:023A	550971.1	579229.65
SÞ-098:023B	550969.92	579235.56
SÞ-098:023C	550961.24	579241.88
SÞ-098:023D	550958.68	579247.79
SÞ-098:023E	550961.83	579252.72
SÞ-098:024A	550905.03	579378.95
SÞ-098:024B	550909.76	579378.17
SÞ-098:024C	550905.03	579374.02
SÞ-098:024D	550906.41	579369.68
SÞ-098:024E	550900.69	579369.49
SÞ-098:024F	550908.38	579355.29
SÞ-098:024G	550918.44	579347.99
SÞ-098:024H	550921.6	579350.55
SÞ-098:024I	550923.96	579348.19
SÞ-098:024J	550928.3	579337.73
SÞ-098:024K	550929.29	579327.28
SÞ-098:024L	550941.71	579324.91
SÞ-098:025A	550944.48	579378.17
SÞ-098:025B	550950.98	579365.94
SÞ-098:026A	550465.39	580065.14
SÞ-098:026B	550458.49	580014.64
SÞ-098:027A	550324.37	580338.5
SÞ-098:027B	550321.21	580345.21
SÞ-098:027C	550364.01	580314.44
SÞ-098:027D	550394.98	580249.16
SÞ-098:027E	550420.62	580198.66
SÞ-098:027F	550448.03	580143.44
SÞ-098:028A	550442.71	580603.59
SÞ-098:028B	550481.37	580586.43
SÞ-098:028C	550479.99	580523.12
SÞ-098:028D	550501.68	580494.71
SÞ-098:028E	550472.29	580455.46
SÞ-098:028F	550462.63	580422.53
SÞ-098:028G	550462.43	580420.36
SÞ-098:028H	550472.29	580402.8
SÞ-098:028I	550488.07	580401.62
SÞ-098:028J	550514.5	580404.58
SÞ-098:028K	550525.55	580411.28
SÞ-098:028L	550535.02	580433.57
SÞ-098:028M	550488.47	580635.15
SÞ-098:029A	550314.7	580429.04
SÞ-098:029B	550308.19	580507.93
SÞ-098:029C	550307.41	580541.66
SÞ-098:029D	550308.79	580554.87
SÞ-098:029E	550313.32	580553.69
SÞ-098:029F	550301.29	580564.54
SÞ-098:029G	550314.31	580574.79
SÞ-098:030A	550333.64	580633.17
SÞ-098:030B	550339.75	580570.65
SÞ-098:031A	550427.52	580363.75
SÞ-098:031B	550411.55	580362.57
SÞ-098:031C	550421.61	580373.41
SÞ-098:031D1	550415.69	580378.15
SÞ-098:031D2	550418.84	580379.73
SÞ-098:031E	550414.9	580373.02
SÞ-098:031F	550419.63	580385.84
SÞ-098:031G	550415.49	580392.74
SÞ-098:031H	550403.26	580391.76
SÞ-098:031I	550397.15	580433.37
SÞ-098:031J	550408.78	580482.68
SÞ-098:031K	550403.46	580543.63
SÞ-098:031L	550391.23	580572.23

SÞ-098:031M	550393.6	580574.59
SÞ-098:031N	550389.26	580575.38
SÞ-098:031O	550390.44	580579.92
SÞ-098:031P	550388.86	580579.92
SÞ-098:031Q	550380.58	580600.24
SÞ-098:031R	550379.99	580608.72
SÞ-098:031S	550378.61	580611.28
SÞ-098:031T	550372.49	580618.18
SÞ-098:031U	550375.65	580619.37
SÞ-098:031V	550375.85	580639.49
SÞ-098:031X	550371.9	580617



Syðri deiliskipulagsreiturinn í Vaglaskógi. Mörk úttektarsvæðis eru sýnd með blágrænni línu en minjar með rauðum punkti /línu.



Nyrðri deiliskipulagsreiturinn í Vaglaskógi við Stórarjóður og Hróarsnes. Mörk úttektarsvæðis eru sýnd með blágrænni línu en minjar með rauðum punkti/línu.